

23. nóvember 2021

3. fundur 2021, kl. 20:00

Víkingavatni, Kelduhverfi

### Fundur hverfisráðs Kelduhverfis

**Mætt:** Berglind Ýr Ingvarsdóttir, Jónas Þór Viðarsson og Sigþrúður Stella Jóhannsdóttir aðalmenn og Guðriður Baldvinsdóttir og Ævar Ísak Sigurgeirsson varamenn.

#### 1. Verkaskipting og fundartilhögun

Jónas Þór Viðarsson tekur að sér formennsku í hverfisráði og Sigþrúður Stella Jóhannsdóttir að sér að rita fundargerð í fjarveru Charlottu. Gert er ráð fyrir að aðalmenn mæti á fundi og kalli til varamenn þegar þörf er á.

#### 2. Íbúafundur

Hverfisráð stefnir að því að halda íbúafund 18. janúar n.k. ef aðstæður leyfa. Stefnt er að því að bjóða kjörnum sveitarstjórnarfulltrúum á fundinn.

#### 3. Heilsársopnun Dettifossvegar

*Hverfisráð Kelduhverfis óskar eftir því að Byggðaráð Norðurþings beiti sér fyrir því að Dettifossvegur verði þjónustaður allt árið um kring.*

#### 4. Mokstur á þjóðvegi 85 í Kelduhverfi

Hverfisráð ítrekar að þessu máli, sem tekið var fyrir á fundi hverfisráðs þann 26. janúar 2021, verði fylgt eftir til að bæta öryggi vegfarenda sem aka um Kelduhverfi. Vísað er í fundargerð frá framangreindum fundi sem segir:

„Rætt um fyrirkomulag snjómoksturs á þjóðveginum (vegur 85) frá Kelduhverfi að Kópaskeri. Miðað við núverandi fyrirkomulag þá eru mokstursbílarnir að fara af stað á morgnana um það leyti sem starfsmenn stærstu vinnustaða á svæðinu eiga að vera mættir til vinnu, þá er mokstri ekki lokið þegar skólabílarnir eru á ferðinni sem er afar bagalegt í ljósi þess að aðstæður eru oft mjög varasamar. Sama vandamál er til staðar þegar skólabílar keyra börnin úr skólanum og stærstu vinnustaðirnir hækta vinnu, milli þrjú og fjögur. Atvinnu- og samfélagsfulltrúi mun senda erindi til Vegagerðarinnar í samráði við hverfisráðin, skólabílstjóra og fyrirtæki á svæðinu þar sem óskað er eftir því að þetta sé endurskoðað til að auka umferðaröryggi og mæta þörfum samfélagsins.“

Fundi slitið kl. 21:09

Sigþrúður Stella Jóhannsdóttir  
Guðriður Baldvinsdóttir  
Jónas Þór Viðarsson  
Berglind Ýr Ingvarsdóttir  
Ævar Þak Sigurgeirsson